

Fimmtudaginn 29. september 1988.

Nr. 174/1987. **Sigurður Andrés Kristinsson**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

Jóhannesi B. Jóhannessyni og

Nývarði Ólþjörð Jónssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Landamerki. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjunarfrestur. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1987. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og dæmt verði: „Milli jarðanna (Kvíabekkkjar og Hringverskots) ræður Hringversáin merkjum, niður að svonefndum Hringversbakka norður með honum og þaðan beint í Fjarðará.“ Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefndu eru þessar: Aðalkrafa, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Til þrautavara, að málinu verði vísað frá héraðsdómi. Hvernig sem málið fer, krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

I.

Héraðsdómur var uppkveðinn 27. febrúar 1987. Áfrýjunarstefna var tekin út 27. maí 1987. Hefir málinu því verið áfrýjað innan þess frests, sem settur er í 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Verður málinu því ekki vísað frá Hæstarétti vegna þess að því hafi verið áfrýjað of seint.

II.

Í máli þessu greinir aðilja á um landamerki milli jarðanna Kvíabekkkjar og Hringverskots, svo og um gildi landamerkjálýsingar, er séra Skapti gerði á jörðunum 5. júní 1886.

Í máli sem þessu ber nauðsyn til að láta kunnáttumann gera uppdrátt af þrætulandinu, þar sem merkt eru inn á kennileiti og dregnar af nákvæmni kröfulinur aðilja. Þetta hafa aðiljar látið undir höfuð leggjast. Komst mál þetta því aldrei á dómhæfan grundvöll í héraði.

Í dómsorði hins áfrýjaða dóms er heldur ekki skorið úr ágreiningsfni þessa máls með því einu að staðfesta „að landamerkjálýsing jarðanna Kvíabekkkjar og Hringverskots sé rétt eins og hún kemur fram í landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu“.

Þá er á meðferð málsins í héraði sá ágalli, að héraðsdómari kvaddi Jónmund Stefánsson, er fengið hafði afsal 20. janúar 1970 frá áfrýjanda fyrir hluta af svonefndum „Kvíabekkkjarhólma“, eigi á dómþing til að láta hann lýsa kröfum, svo sem skylt er samkvæmt 8. gr. laga um landamerki nr. 41/1919.

Vegna framantalinnna annmarka á meðferð máls þessa í héraði ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Það athugast að ekki verður ráðið af bókunum héraðsdómara að meðdómendur hafi undirritað heit samkvæmt 7. tl. 37. gr. A laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur og málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Ólafsfjarðar 27. febrúar 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ.m. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af Jóhannesi B. Jóhannessyni, nnr. 5083-1132, Kálfsárkoti, Ólafsfirði, með stefnu útgefinni 9. september 1986 á hendur Sigurði Andrési Kristinssyni, nnr. 7882-0365, Kvíabekk, Ólafsfirði.

Krafa stefnanda er sú að staðfest verði með dómi að landamerki jarðanna Kvíabekkkjar og Hringverskots séu eins og lýst er í landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu dags. 5. júní 1886, en þar er þeim svo lýst í lýsingu vegna Kvíabekkkjar: „Að norðan ræður gil, sem kallað er Hringversgil, frá fjalli, og er því sleppir eru merkin réttýnis í Fjarðará.“ Í lýsingu Hringverskots segir svo í sömu bók dags. 5. júní 1886: „Að sunnan gil sem kallað er Hringversgil er liggur hér um bil beint milli fjalls og Fjarðará.“

Auk þess er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir eru þessir skv. stefnu á dskj. nr. 1 að með afsali dags. 20. janúar 1970 afsalar Nývarð Ólfjörð Jónsson, eigandi Hringverskots, Jóhannesi Jóhannessyni, stefnanda máls þessa, hólma þeim er liggur á milli síkja fyrir sunnan og neðan Kálfsárkot fram að Kvíabekkjarkerkjum og vestur að síki því er rennur úr Fjarðará fyrir neðan Hringversá, og þar norðureftir.

Eigandi Kvíabekkjara, stefndi, telur að merkjum þessum sé ekki rétt lýst og telur sig eiga tilkall til lands þessa. Með bréfi dags. 28. janúar 1985 óskaði stefnandi eftir því að bæjarfógetinn á Ólafsfirði dómkveddi menn til að taka út landamerki þessi og í bréfi þeirra dags. 16. mars 1985 komast þeir að þeirri niðurstöðu að landamerkin séu eins og þeim er lýst í landamerkjabók. Þessu telji eigandi Kvíabekkjara sig ekki geta unað og telji sig eiga tilkall til landspildu sem er innan þeirrar merkjalýsingar sem að framan er getið. Þar sem eigandi Kvíabekkjara fellst ekki á að viðurkenna landamerki þessi, þá sé málishöfðun þessi nauðsynleg til að fá staðfestingu á merkjum milli Kvíabekkjara og Hringverskots.

Dómkröfur stefnda eru þær að lýsing sú á landamerkjum jarðanna Hringverskoti og Kvíabekkjara sem lýst er í stefnu á dskj. nr. 1 verði ekki viðurkennd og er gerður áskilnaður til að hafa uppi kröfu um rétt landamerki jarðanna í sérstöku máli sem sameinað verði máli þessu. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Mál þetta var þingfest 3. október 1986 og rekið sem mál nr. 6/1986.

Með stefnu dags. 19. október 1986 höfðar Sigurður Andrés Kristinsson, nnr. 7882-0365, bóndi Kvíabekk Ólafsfirði, mál fyrir bæjarþingi Ólafsfjarðar gegn Nývarð Ólfjörð Jónssyni, nnr. 6644-2888, Skarðshlíð 4d Akureyri.

Stefnandi gerir þær kröfur að viðurkennt verði með dómi að landamerkjalyking jarðanna Kvíabekkjara og Hringverskots á Ólafsfirði í landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu sé röng og ómerk að því er varðar landamerki þessara tveggja jarða og að viðurkennt verði með dómi að landamerki jarðanna séu svo sem hér segir: „Milli jarðanna ræður Hringversáin merkjum niður að svonefndum Hringversbakka og þaðan beint í Fjarðará.“

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. framlögðum reikningi.

Málavextir skv. stefnu á dskj. nr. 20 eru þeir að fyrir réttum eitt hundrað árum, eða hinn 5. júní 1886, ritaði Skapti Jónsson, prestur á Hvanneyri á Siglufirði, landamerkjalykingu fyrir nokkrar jarðir á Ólafsfirði, þ. á m. jarðirnar Kvíabekk og Hringverskot. Ekki er ljóst að hvers beiðni eða hvers vegna þetta var gert, né heldur er ljóst hverjum var birt niðurstaða prestsins og lýsing hans á merkjunum. Vegna einhvers konar mistaka var þessi landamerkjalyking prestsins síðan færð inn í opinberar landamerkjaskrár án þess

að lýsingin væri staðfest af eigendum eða ábúendum jarðanna. Lýsing séra Skapta á merkjunum er svohljóðandi fyrir Kvíabekk: „Að norðan ræður gil, sem kallað er Hringversgil, frá fjalli, og er því sleppir eru merkin rétt-sýnis í Fjarðará.“ Þessi lýsing Skapta hefur aldrei verið lögð til grundvallar landamerkjum greindra jarða heldur hefur svonefnd Hringversá verið látin ráða merkjunum. Á þessi rennur eftir svonefndu Hringversárgili eða Árgili, sem er nokkru sunnar en hið eiginlega Hringversgil. Hringverskot hefur verið í eyði síðan árið 1944. Síðasti ábúandi þar var Magnús Sigurðsson, en hann er nú látinn. Sonur hans Sigmar, sem var öll sín uppvaxtarár í Hringverskoti, hefur staðfest þá fullyrðingu að Hringversáin hafi alla tíð ráðið merkjum á milli jarðanna. Sama gera fyrrverandi ábúendur Kvíabekkar.

Þar sem ágreiningur er meðal eigenda jarðanna um merkin er nauðsynlegt að fá úr því skorið með dómi.

Af hálfu stefnda er þess krafist að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að staðfest verði að landamerkjalyking jarðanna Kvíabekkar og Hringverskots sé rétt eins og hún kemur fram í landamerkjabók Eyja-fjarðarsýslu.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ.

Þann 6. febrúar sl. voru málin sameinuð og eru nú rekin sem eitt mál nr. 6/1986.

Í því þinghaldi féll stefnandi í aðalsök frá kröfum sínum í málinu en stefnandi í aukasök gerði þá breytingu á orðalagi á stefnukröfum með samþykki stefnda að í stefnu á dskj. nr. 20 í 3ju línu neðan frá í kafla um kröfur komi á eftir svonefndum Hringversbakka „norður með honum“.

Þann 22. október 1986 gaf stefnandi í aðalsök, Jóhannes B. Jóhannesson, bóndi í Kálfsárkoti, Ólafsfirði, aðilaskýrslu í málinu.

Hann kvaðst hafa falast eftir kaupum á landspildu hjá stefnda í aukasök, Nývarð Ólfjörð Jónssyni, eiganda Hringverskots, árið 1970 og vildi hann selja honum hólma vestan Fjarðarár miðað við aðalfarveg hennar skv. lýsingu þeirri sem kemur fram í dskj. nr. 5.

Mætti kveðst ekki muna til þess að Nývarð hafi látið í ljós að vafi gæti verið um landamerki gagnvart Kvíabekk. Hann kvaðst nokkru síðar hafa heyrt það á stefndum Sigurði Andrésí Kristinssyni bónda, Kvíabekk, að ekki væri ágreiningslaust um landamerki varðandi þessa spildu og tilheyrði hún Kvíabekk.

Er athugasemd var gerð við afsal við þinglýsingu kvaðst mætti hafa talað til (sic) Nývarð og hafi hann fullyrt að hann væri að selja spildu sem tilheyrði Hringverskoti. Mætti kvað síðan vera liðin 16 ár og þetta land hafi hann ekki getað nýtt sér að neinu leyti. Hann kvaðst hafa þurft að leigja sér lönd í sveitinni til heyöflunar vegna þessa. Mætti kvaðst hafa fengið

að slá landspildu þessa í eitt sinn með leyfi Nývarðs og þá hafi faðir stefnda fundið að því og talið landið tilheyra Kvíabekk.

Mætti kvaðst við kaupin hafa gert sér ljóst að ágreiningur var um landamerki, en eftir að hann kynnti sér lýsingu á landamerkjunum þá hafi hann talið það ljóst að landið hefði tilheyrt Hringverskoti. Hann kvað engan ágreining vera um það hvar Hringversá sé. Telur hann það almennt vitað að Hringversá komi úr Hringversgili. Mætti kvað þá Nývarð ekki hafa gengið um landið til að kanna merki er salan á spildunni fór fram, en hann hafi talað við Magnús Sigurðsson, síðasta ábúanda Hringverskots, og hann hafi eins og Nývarð talið merkin vera beint frá Hringversá neðan vegar í Fjarðará.

Mætti kveðst ekki vita um nafn á næsta gili norðan við gil það sem Hringversá rennur um og hann kveðst telja að heiti Hringversgil. Mætti kvað þá Nývarð ekki hafa gert skriflegan samning um kaup á spildunni, en hann hafi látið Nývarð fá hest fyrir spilduna, sem hann telur hafa verið um kr. 12.000,00 virði. Mætti kvaðst hafa selt mól til Vegagerðar ríkisins úr greindri landspildu og talið æskilegt að gamli farvegurinn yrði dýpkaður. Mætti kvað stefnda hafa komið í veg fyrir að hann gæti nýtt landspilduna með því að fjarlægja girðingar. Hann kveðst ekki telja að ágreiningur hafi verið um að miða landamerki við aðalfarveginn. Mætti kveður þær eyrar sem eru gegnt Kálfsárkoti vera nefndar Hringverseyrar, en man ekki hvað þær heita sunnar. Hann hafi hins vegar kallað hólmann „Hringvershólma“ sem hér er um deilt.

Sama dag gaf stefnandi Sigurður Andrés Kristinsson, bóndi Kvíabekk Ólafsfirði, aðilaskýrslu í málinu. Hann kvaðst hafa eignast jörðina Kvíabekk haustið 1957 af Kristjáni Rögnvaldssyni. Mætti kvað hafa verið rætt við Kristján um norðurmerki jarðarinnar og hann sagt að bréf Skapta prests á Siglufirði réði þar ekki merkjum, heldur Hringversá.

Hann kvað ekki hafa verið neinn ágreining við eiganda Hringverskots um merkin er hann keypti Kvíabekk. Það verði ekki fyrr en stefnandi í aðalsök keypti spilduna 1970 af Nývarð, stefndum í aukasök. Hann kvað ekki vera ágreining um að Hringversá renni úr Hringversárgili. Mætti kvaðst alltaf hafa talið að Hringversá réði merkjum með Kvíabekk og Hringverskoti. Mætti kvað Kristján Rögnvaldsson hafa talið landamerkjalyýsingu Skapta prests fráleita, þar sem endapunktur voru óvissir.

Hann kvaðst telja lýsingu Sigmars Magnússonar rétta á landamerkjunum og þá sé lýsing Páls Bergssonar rétt á dskj. 15. Mætti kvaðst ekki vera sáttur við að það sé nefnt aðalfarvegur þar sem áin renni nú. Taldi hann allar eyrarnar vera nefndar Kvíabekkjareyrar að Hringversá. Hann kvað Kristján Rögnvaldsson hafa neitað að samþykkja landamerki að beiðni Þorsteins Símonarsonar, fyrrverandi bæjarfógeta, við sölu á Hringverskoti.

Sama dag kom fyrir dóm sem vitni Albert Magnússon, Vesturgötu 15, Ólafsfirði, en vitnið hafði að beiðni stefnanda í aðalsök verið dómkvatt ásamt Ármanni Þórðarsyni til að taka út landamerki jarðanna Kvíabekkjjar og Hringverskots sbr. dskj. nr. 6 og 7.

Mætti kvað gilið vera nefnt Hringversárgil sem þeir matsmenn hafi við miðað og kvað næsta gil fyrir norðan heita Reitsgil og úr því renni Reitslækur. Vitnið kvaðst vera fætt og uppalið í Hringverskoti. Vitnið taldi ekki hafa verið þörf á vettvangsgöngu og ekki hafi verið rætt við neina í þessu sambandi og þeir farið beint á staðinn áður en þeir sömdu matsgerð. Snjór hafi verið á jörðu er þeir komu á staðinn en gilið hafi sést. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að bréf Ásgríms Hartmannssonar frá 3. október 1953 hafi legið fyrir.

Sama dag kom fyrir sem vitni Ármann Þórðarson útibússtjóri, Ægisgötu 1, Ólafsfirði.

Vitnið kvaðst hafa byggt á því að Nývarð hefði keypt samkvæmt landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu og þar sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar og landamerkjabók hafi borið saman hafi þetta orðið niðurstaðan miðað við annað það sem getið er um í matsgerð á dskj. nr. 7. Vitnið kveðst hafa miðað beina línu úr nefndu gili og í Fjarðará.

Matsmennirnir staðfestu matsgerðina á dskj. nr. 7 og er hún svohljóðandi: „Samkvæmt tilnefningarbréfi bæjarfógetans á Ólafsfirði höfum við nú lokið við að kynna okkur gögn og álit ýmissa aðila er varða landamerki jarðanna Kvíabekkjjar og Hringverskots. Fram hefur m.a. komið að samkvæmt landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu hefur Skapti Jónsson prestur skráð landamerki þessara jarða þann 5. júní 1886, þar segir að landamerkjum ráði gil sem kallað er Hringversgil og liggur það hér um bil beint milli fjalls og Fjarðarár, er gílinu sleppir eru merkin réttisýnis í Fjarðará.

Andrés Kristinsson, núverandi eigandi og ábúandi á Kvíabekk, lagði fram yfirlýsingu undirritaða af Sigmari Magnússyni og Gunnlaugi Rögnvaldssyni. Þar segir að Hringversáin hafi ráðið merkjum og renni hún út með svokölluðum Háabakka og þaðan skáhallt í Fjarðará móti Kálfsárkoti.

Nývarð Ólfjörð, núverandi eigandi Hringverskots, lagði fram bréf frá Ásgrími Hartmannssyni bæjarstjóra á Ólafsfirði, dags. 3. október 1953, en þá var Nývarð búinn að kaupa Hringverskot af Ólafsfjarðarbæ. Ásgrimur bæjarstjóri tekur lýsingu á landamerkjunum orðrétta úr landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu samkvæmt því sem Skapti Jónsson prestur skráir 5. júní 1886. Við höfum ekki fundið að fram komi nein skrifleg eða skráð mót-mæli né heldur athugasemdir við þessi landamerki nema það sem Andrés lagði fram og dagsett er á þessu ári.

Fram hefur m.a. komið í viðræðum að ábúendur Kvíabekkjjar hafi talið að landamerki fylgdu Hringversánni og því teygði land Kvíabekkjjar sig

norðaustur neðan svonefnds Háabakka. Þessu hafi ábúandi Hringverskots mótmælt og talið landamerkin vera samkvæmt landamerkjabók í beinu framhaldi af Hringversgili í Fjarðará; ábúendur Kviabekkjara hafi því ekki nytjað það land sem ágreiningur kann að hafa verið um. Það hafi heldur ekki verið gert af ábúendum Hringverskots.

Þegar Nývarð Ólfjörð kaupir Hringverskot er ljóst að honum hefur verið seld jörðin samkvæmt þeim landamerkjum sem skráð eru í landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu.

Niðurstaða athugana okkar er því sú að landamerkin milli Kviabekkjara og Hringverskots séu samkvæmt landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu eftir svonefndu Hringversgili og er því sleppir beint í Fjarðará. Við viljum taka það fram að farvegi Hringversár hefur verið breytt neðan við þjóðveginn og fara þar eftir gili sem er c.a. 15 metrum norðar en núverandi árfarvegur neðst á bakknum.

Ólafsfirði 16. mars 1985

Ármann Þórðarson

Albert Magnússon,“

Þann 18. nóvember 1986 gaf aðilaskýrslu í máli þessu stefndi í aukasök, Nývarð Ólfjörð Jónsson, Skarðshlíð 4d, Akureyri.

Kvaðst hann hafa keypt jörðina Hringverskot af Ólafsfjarðarbæ árið 1952 og hafi hann samið við þáverandi bæjarstjóra, Ásgrím Hartmannsson, og var kaupverðið kr. 10.000,00. Kvaðst hann hafa beðið Ásgrím um landamerkjabréf sem hann hafi fengið en ekki hafi verið minnst á að ágreiningur gæti verið um landamerki fyrr en nú upp á síðkastið. Mætti kvaðst fyrst hafa orðið var við ágreining um landamerki er hann var búinn að rækta Hringverseyrarnar. Hann kvaðst ekki muna ártalið, en þetta hafi verið mikið kalár, en það hafi þó verið fyrir 1970.

Mætti kvað stefnanda hafa rætt það við sig að línan úr gílinu lægi norðar úr gílinu þegar staðið væri uppi í urðinni og horft niður. Mætti kvaðst hafa rætt þetta við Ævar Hjartarson búnaðarráðunaut, og hafi hann talið að línan væri ætíð dregin upp í mitt gil.

Mætti kvaðst að beiðni Jóhannesar Jóhannessonar í Kálfsárkoti hafa selt honum 1970 landspildu á Hringverseyrum, svonefndan „hólma“, en man ekki kaupverðið, en gerður hafi verið kaupsamningur eða afsal. Hann kvaðst ekki muna hvort kaupverðið hafi verið greitt með hesti. Hann hafi þó fengið fola hjá Jóhannesi sem hann hafi selt Jóhannesi upphaflega.

Kaupverðið hafi verið sáralítið á landspildunni eins og kaupverð á hestum á þessum tíma. Mætti kvað landamerkin liggja í mitt gilið upp úr farvegi Hringversár og frá Háabakka beina línu í Fjarðará.

Hann kvað umdeildan hólma ekki hafa verið nytjaðan, hvorki frá Hringverskoti né Kviabekk, í sinni tíð. Hann kvað gilið hafa verið nefnt Hring-

versgil og Hringversárgil. Hann kvaðst aldrei hafa búið á jörðinni Hringverskoti, hann hafi aðeins nytjað jörðina til heyskapar. Hann hafi ræktað upp eyrarnar suður og niður frá Hringverskoti.

Sama dag kom fyrir dóm sem vitni í málinu Petrea Rögnvaldsdóttir, Brekkugötu 15, Ólafsfirði, 78 ára að aldri. Vitnið kvaðst hafa verið á 2. aldursári er foreldrar þess fluttu úr Fljótum á Ólafsfjörð og er hún man fyrst eftir sér þá hafi ávallt verið talið að áin réði merkjum milli jarðanna Kvíabekkkjar og Hringverskots. Vitnið kveðst aldrei muna til þess að ágreiningur væri um merki á milli jarðanna þar sem áin réði merkjum. Vitnið kveður ána hafa runnið beint niður úr fjallinu og í Fjarðarána og ekki muni vitnið til þess að áin hafi beygt neitt heldur runnið beint í Fjarðará.

Sama dag kom Gunnlaugur Rögnvaldsson, Kirkjuvegi 9, Ólafsfirði, fyrir dóm sem vitni, en hann er 84ra ára að aldri. Vitnið og fyrra vitni eru systkini Kristjáns Rögnvaldssonar, fyrri ábúanda á Kvíabekk, en þau eru öll þrjú móðursystkini stefnanda í málinu. Vitnið kveðst hafa verið 8 ára er faðir þess fluttist að Kvíabekk og ólst vitnið þar upp til 1930. Vitnið kvað Hringversána ávallt hafa verið talda ráða merkjum milli jarðanna Kvíabekkkjar og Hringverskots. Vitnið kvað Hringversána hafa runnið beint niður úr fjalli en runnið síðan út eða í norður undir bakkanum og afliðandi í Fjarðará.

Í yfirlýsingu vitnisins Sigmars Magnússonar á dskj. nr. 14 segir: „Öll þau ár sem faðir minn bjó í Hringverskoti réð Hringversáin landamerkjum milli Kvíabekkkjar og Hringverskots. Hringversáin rann út með svokölluðum „Háabakka“ og rennur þaðan skáhallt í Fjarðará móti Kálfsárkoti eins og hún gerir nú.“ Þessi yfirlýsing er dags. 6. janúar 1985. Yfirlýsingin er staðfest í bæjarþingi Siglufjarðar 13. október 1986.

Þann 6. febrúar sl. kom fyrir dóm sem vitni Jónmundur Stefánsson umboðsmaður, Brekkugötu 9, Ólafsfirði, 64 ára að aldri.

Vitnið kveðst hafa keypt norðurhluta Kvíabekkkjarhólma af Sigurði Andréssi Kristinssyni með afsali dags. 20. janúar 1970, sbr. dskj. nr. 16.

Vitnið kvaðst ekki muna til þess að neitt hafi verið talað um að landamerkin væru þarna óglögg en vitað að spildan lá að landamerkjum jarðarinnar Hringverskots. Vitnið kveðst hafa frétt það eftir á að Jóhannes Jóhannesson, bóndi í Kálfsárkoti, hefði fengið afsal fyrir sömu spildu dagsett sama dag og sitt afsal.

Vitnið kveðst ekki muna hve langur tími leið frá útgáfu afsalsins og þar til því var þinglýst. Ekki hafi þó liðið hálf ár þar á milli.

Vitnið kveðst hafa gert sér ljóst eftir á að þarna lék vafi á um eignarrétt að hluta landspildunnar að hann væri í eigu annars aðila. Vitnið kvaðst ekki hafa talið sér spilduna til eignar á skattframtali.

Vitnið kvað sér ekki vera kunnugt um nein tengsl milli sín og stefnanda í aukasök.

Dómurinn hefur tvívegis farið á vettvang, í síðara skiptið gengið upp í gil það sem Hringversá rennur úr og nefnt er ýmist Hringversárgil, Árgil eða Hringversgil í máli þessu.

Málsástæður stefnanda í aukasök eru að hann reisir kröfur sínar á því að lýsing sú sem gefin er á merkjum jarðanna í landamerkjabók Eyja-fjarðarsýslu sé ekki gildandi þar sem lögboðið samþykki landeiganda og eiganda ítaka og hlunninda vantar. Um þau merki sem stefnandi telur gildandi og krafði er staðfestingar á vitnar stefnandi til hefðar og óslitinna umráða og afnota, svo og vitnis fyrrverandi og núlifandi ábúenda þar að hlítandi.

Kröfum sínum til stuðnings vísar stefnandi til ákvæða laga um landamerki o.fl. nr. 41/1905.

Málsástæður stefnda í aukasök eru þær að ekkert sé fram komið sem bendi til þess að landamerkin, eins og þau eru skráð 5. júní 1886 í landamerkjabækur, séu ekki rétt.

Mótmælt er málatilbúnaði stefnanda sem algjörlega tilhæfulausum. Stefnandi geti ekki bent á nein þau atriði sem leitt gætu til þess að skráðum landamerkjum verði hnekkt. Því er enn fremur mótmælt af hálfu stefnda að skilyrði hefðar séu fyrir hendi. Merki þessi séu orðin 100 ára gömul í landamerkjabókum og ekki sé vitað til þess að á þau hafi verið bornar bríður.

Stefndi taldi sig ætíð eiga land skv. skráðum landamerkjum enda seldi hann stefnanda í aðalsök hluta úr landi sínu árið 1970, en stefnandi í aukasök telur það vera innan sinna landamerkja án þess þó að hann geti á nokkurn hátt bent á skráðar heimildir fyrir því.

Á það er bent að 20. janúar 1970 afsali stefndi í aukasök stefnanda í aðalsök spildu úr landi sínu en svo undarlega vilji til að sama dag og það afsal er afhent til þinglýsingar komi afsal frá stefnanda í aukasök, þar sem hann afsalar landi til Jónmundar Stefánssonar, en í athugasemd þinglýsingardómara komi fram að land þetta sé innan landamerkja Hringverskots.

Niðurstaða: Af því sem rakið hefur verið hér að framan er það álit dómsins að ekkert sé fram komið í málinu um að Skapti Jónsson prestur hafi ekki haft heimild til að staðfesta landamerkjalýsingu fyrir Kvíabekk 5. júní 1886.

EKKI er upplýst í málinu hverjir voru ábúendur Kvíabekkkjar á þeim tíma.

Skapti Jónsson prestur undirritar að Kvíabekk 5. júní 1886 landamerki fyrir prestsetrið Kvíabekk og landamerki kirkjujarðarinnar Hringverskots en samþykktur þar er Baldvin G. Þorvaldsson sbr. dskj. nr. 12 og 13.

Ljóst er að stefndi keypti Hringverskot skv. landamerkjálýsingu Skapta Jónssonar prests frá 5. júní 1886.

Samkvæmt vitnaframburðinum hefur Hringversáin ráðið merkjum og kemur hún úr gili því sem ýmist er nefnt Hringversárgil, Árgil eða Hringversgil. Þótt stefnandi telji gil sem er nokkru norðar bera síðast nefnda nafnið þá er það álit dómsins að endapunktur landamerkjalinnunnar séu mynni gilsins uppi í fjalli eða þar sem því sleppir og bein lina með Hringversánni í Fjarðará enda segir í landamerkjálýsingunni frá 5. júní 1886 fyrir Hringverskot: „Hringversgil er liggur hér um bil beint milli fjalls og Fjarðará.“ Í landamerkjálýsingunni fyrir Kvíabekk segir: „Að norðan ræður gil, sem kallað er Hringversgil, frá fjalli, og er því sleppir eru merkin rétt-sýnis í Fjarðará.“ Telur dómurinn með hliðsjón af vitnaframburðum, dskj. nr. 15 og matsgerð á dskj. nr. 7, að landamerkjalínan hafi endapunkt í mynni gilsins sem Hringversá rennur úr og sé bein lina með ánni í Fjarðará í samræmi við landamerkjálýsingar fyrir Hringverskot og Kvíabekk frá 5. júní 1886 enda sést ekki að þessum lýsingum hafi verið mótmælt nokkurn tíma og þegar stefndi keypti Hringverskot 1952 eru engin mótmæli sett fram sem hægt er að fá staðfest enda hefur slikt ekki verið gert í máli þessu.

Af þessum sökum verður að fallast á sýknukröfu stefnda í aukasök og staðfesta að landamerkjálýsing jarðanna Kvíabekkjar og Hringverskots sé rétt eins og hún kemur fram í landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu.

Stefndi í aðalsök gerði kröfu til málskostnaðar að skaðlausu, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli þar niður, en í aukasök greiði stefnandi stefndum kr. 30.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Rétt þykir að vita stefndan í aðalsök og stefnanda í aukasök fyrir móðgandi ummæli á dskj. nr. 8 um dómkvadda matsmenn og dómarrann vegna skipunar þeirra.

Dóm þennan kváðu upp Barði Þórhallsson bæjarfógeti ásamt meðdómsmönnum Óskari Þór Sigurbjörnssyni skólastjóra og Gunnari L. Jóhannssyni, skólastjóra og bónda.

D ó m s o r ð:

Málskostnaður fellur niður í aðalsök.

Stefndi í aukasök, Nývarð Ólfjörð Jónsson, er sýknaður af kröfum stefnanda og staðfest að landamerkjálýsing jarðanna Kvíabekkjar og Hringverskots sé rétt eins og hún kemur fram í landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu.

Í aukasök greiði stefnandi stefndum kr. 30.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndi í aðalsök og stefnandi í aukasök Sigurður Andrés Kristinsson er vittur fyrir móðgandi ummæli á dskj. nr. 8 í málinu.

Fimmtudaginn 29. september 1988.

Nr. 313/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Stefáni Þorkatli Karlssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 24. þ.m., er barst Hæstarétti 27. þ.m. Hann krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar er hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. september 1988.

Ár 1988, laugardaginn 24. september er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Stefáni Þorkatli Karlssyni, atvinnulausum með lögheimili að Leifsgötu 28, dvalarstað að Vesturbergi 78 hér í borg, fæddum 15. maí 1954 í Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæslu-